

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2019 í máli nr. S-322/2019:

Ákærvaldið

(Kristmundur Stefán Einarsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Aðalsteini Sigfússyni

(Saga Ýrr Jónsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 16. apríl 2019, á hendur Aðalsteini Sigfússyni, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, fyrir skjalafals, rangar sakargiftir og umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 14. nóvember 2016, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti norður Hringbraut í Reykjavík við Bjarkargötu. Við athugun lögreglu á ökuréttindum ákærða kvaðst hann ekki vera með ökuskránni meðferðis en gaf upp, í blekkingarskyni, persónuupplýsingar A, kt. 000000-0000, og reyndi þannig að draga dul á persónu sína. Ákærði ritaði í framhaldinu „A“ undir vettvangsskýrslu lögreglu vegna umferðarlagabrota og leitaðist þannig við að koma því til leiðar að A væri sakaður um refsiverða háttsemi.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 148. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá kom fram hjá verjanda undir rekstri málsins að hún afsalaði sér málsvarnarþóknun.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 9. apríl 2019, gekkst ákærði undir greiðslu sektar með sátt hjá embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hinn 25. nóvember 2015, meðal annars fyrir að aka sviptur

ökurétti. Þá gekkst ákærði undir greiðslu sektar með viðurlagaákvörðun hjá Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 13. september 2017, einnig fyrir að aka sviptur ökurétti. Sakaferill ákærða hefur að öðru leyti ekki áhrif á ákvörðun refsingar í málinu.

Brot það er ákærði er sakfelldur fyrir í málinu var framið áður en fyrirnefnd viðurlagaákvörðun var gerð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 13. september 2017 og verður ákærða því dæmdur hegningarauki í samræmi við 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er samsvari þeirri þynging refsingarinnar sem kynni að hafa orðið, hefði verið dæmt um öll brotin í fyrra málinu.

Við meðferð málsins fyrir dómi kom fram að ákærði hefði upplýst lögreglu um brot sín að eigin frumkvæði og á sú fullyrðing hans sér stoð í gögnum málsins. Verður það því virt ákærða til refsilækkunar, sbr. 9. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og greið játning ákærða á brotum sínum. Með hliðsjón af öllu framangreindu og sakarefni þessa máls þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Haukur Gunnarsson saksóknarfulltrúi fyrir hönd Kristmundar Stefáns Einarssonar aðstoðarsaksóknara.

Þórhildur Líndal, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Aðalsteinn Sigfússon, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þórhildur Líndal